

# Bárðarbunga\_is update 31082014

2014-08-31 16:01 UTC  
update

## Höfundar

Veðurstofa Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans Ritstj. Sara Barsotti og Halldór Björnsson

## Byggt á

Jarðskjálftamælingum, GPS, vatnssýnum, Veðursjár, vefmyndavélar, sjónarvottar

## Gosmökkur

### Hæð

Frá því kl. 05:52 sýndu vefmyndavélar bólstra stíga upp frá eldstöð en ekki sást að þeir risu hátt. Veðursjá varð ekki vör við mökk, sem bendir til að bólstrarnir hafi ekki náð yfir 1 km hæð.

### Stefna

Enginn gosmökkur nú, en vindur var SA um 20 m/s sl. í dag.

### Litur

Enginn gosmökkur.

### Gjóskufall

Ekkert gjóskufall í gangi.

### Eldingar

Engar eldingar eftir ATDnet kerfi bresku veðurstofunnar og WWLLN-kerfi Univ. Wash.

### Drunur

Engar

## Bræðsluvatn

Vatnshæðar- og leiðnimælingar í Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga sýna engar breytingar frá því ástandi sem verið hefur undanfarnar vikur og sýna enn sem komið er engin merki um áhrif eldsumbrotanna í Holuhrauni.

## Aðstæður á gosstað

Hraungos hófst í Holuhrauni, líklega upp úr kl. 04 í nótt, á sama stað og gaus fyrir tveimur dögum. Sprungan virist vera upb. 1,5 km löng. Tekið var eftir því á vefmyndavél Mílu um 05:51. Færri skjálftar fylgja gosinu en því fyrra, en meira hraun kemur upp. Hraunstraumurinn var upb 1 km breiður og um 3 km langur til norðausturs um kl. 07:30. Hraunið er talið nokkurra metra þykkt og flæðið var að líkindum um 1000 m<sup>3</sup> á sek. Fram til kl. 11.30 var skyggni slæmt, en skánaði þá og hélst viðundandi fram eftir degi. Sjá mátti hvíta gufubólstra leggja frá eldstöðinni. Gossprungan sást greinilega á myndinni og gosið er enn í gangi.

## Órói

Mælar urðu ekki varir við samfelldan eintóna óróa. Lágtíðni órói sést á jarðskjálftastöðinni næst gossprungunni, en líklegt er að þar sé um veðurný að ræða.

## Jarðskjálftar

Skjálftavirkni hefur verið lítil á gossvæðinu. Meira en 600 skjálftar hafa mælst á svæðinu, þeir stærstu 3,8 og 5,1 í Bárðarbunguöskjunni. Óveður á svæðinu gerir það að verkum að minni skjálftar greinast verr.

## GPS-aflögun

GPS-mælingar sýna áframhaldandi gliðnun á svæðinu norðan Dyngjujökuls. Gufubólstrar rísa frá sprungunni og ná nokkur hundruð metra hæð.

## Heildarmat

Veðurskilyrði gera erfitt að fylgjast með gosinu en vísindamenn eru á staðnum og nota hvert tækifæri til þess að afla upplýsinga um kviku- og gas útstreymi. Litakóði Bárðarbungu fyrir flug var færður á rautt í upphafi gossins, en flutt niður á appelsínugult klukkan 15:00 UTC. Litakóði Öskju er áfram gulur.